

Moldun

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammt af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnád.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartabeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Sigurbjörn Einarsson - O. Ahnfelt

Blessun

Eftirspil Draumalandið

Guðmundur Magnússon - Sigfús Einarsson



Prestur:

Arndís G. Bernhardsdóttir Linn

Organisti:

Gunnar Gunnarsson

Einsöngvarar:

Íris Hólm Jónsdóttir og

Katrín Halldóra Sigurðardóttir

Söngur:

Elísabet Ormslev, Rósa Björg Ómarsdóttir

og Stefanía Svavarsdóttir

Undirleikari:

Helgi Reynir Jónsson

Umsjón útfarar:

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði að erfidrykkju lokinni.

*Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.*



Einar Hólm Ólafsson

Fæddur 10. desember 1945

Dáinn 17. mars 2023



Útför frá Háteigskirkju
miðvikudaginn 29. mars 2023

Forspil
Slá þú hjartans hörpustrengi
Valdimar Briem - J. S. Bach

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarvers

Því ég lifði

Íris Hólm Jónsdóttir - Jacques Revaux



Ritningarvers

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

*Matthías Jochumsson
Lowell Mason*

Guðspjall

Frelsi ég finn

Ragnheiður Á. Pétursdóttir - Cole Porter

Minningarorð

Eldar minninganna

Benedikt Axelsson - Carr/Mason

Bæn og Faðir vor

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrst þar hnjóð,
þar er himininn víður og tær.

Heiðar ból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrst þar hnjóð,
þar er himininn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Mundi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Þetta loft er svo tært.
Finnið þytmjúkan þey.
Hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi' ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Heiðar ból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrst þar hnjóð,
þar er himininn víður og tær.

Fríðrik A. Fríðriksson - Henry Snow

